

Mál nr. 358/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Gildi váttryggingar. Eigendaskipti. Samsömun. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. október 2025.
2. Bréf V1 dags. 24. október 2025.
3. Bréf V2 dags. 27. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótargögn frá V1 dags. 25. febrúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi kaupsamningi og afsali vegna bifreiðarinnar A festi M kaup á henni hinn 6. ágúst 2025 en framangreind gögn voru undirrituð um kl. 11:30 þann dag. Í umræddu skjali kemur fram að M sé í viðskiptum við V1 og að „óskað var eftir kaskó tryggingu með (óskráð) kr. sjálfsábyrgð.“ Seljandi hafi hins vegar verið með bifreiðina váttryggða hjá V2. Umráðamaður bifreiðarinnar er þá tilgreindur sem einkahlutafélagið X.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 6. ágúst 2025, kemur fram að kl. 19:45 þann dag hafi lögreglu borist tilkynning um umferðarslys á Fjallkonuvegi við Logafold í Reykjavík. Samkvæmt vitni voru atvik þau að A var ekið upp Logafold á miklum hraða án þess að virða biðskyldu og hefði henni verið ekið harkalega á bifreið B. Hafnaði bifreið A í garði við íbúðarhús. Á vettvangi blés Y, ökumaður A, í áfengismæli sem sýndi niðurstöðuna 1,82 prómill og við uppflettingu í kerfum lögreglu kom í ljós að hann var sviptur ökuréttindum. Samkvæmt blóðsýni sem tekið var kl. 20:30 var áfengismagn í blóði Y 2,1 prómill.

Skilja má málskot M sem svo að gerð sé krafa um bætur úr kaskótryggingu A hjá V2 og vísað er til þess að samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gildi kaskótrygging seljanda áfram fyrir nýjan eiganda í 14 daga frá eigendaskiptum. V1 kannist þá ekki við að A hafi verið kaskótryggð hjá því félagi.

Í bréfi V1 til nefndarinnar segir að A hafi aldrei verið kaskótryggð hjá V1. Er þá vísað til 40. gr. laga um váttryggingarsamninga en þar sem árekssturinn hafi átt sér stað innan 14 daga frá eigendaskiptum sé hugsanlegt að M eigi kröfu á hendur V2. Í viðbótargögnum frá V1 kemur fram að beiðni um kaskótryggingu hafi borist V1 hinn 6. ágúst 2025 og M hafi í kjölfarið verið tjáð að væri óskað eftir kaskótryggingu þyrfti V1 að fá A til skoðunar, eða fá sendar ljósmyndir af henni. Kaskótrygging sé því ekki gefin út samkvæmt beiðni heldur aðeins eftir ákveðna skoðun á viðkomandi bifreið.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er vísað til þess að í kaupsamningi og afsali vegna A komi fram að óskað sé eftir kaskótryggingu hjá V1 og ekki liggi annað fyrir en að sú beiðni hafi borist V1. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga um váttryggingarsamninga beri váttryggingafélag ábyrgð frá móttöku skriflegrar beiðni um tiltekna váttryggingu ef ljóst er að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina. Ekki liggi fyrir hvers vegna V1 hafi hafnað beiðninni og haldi því fram að kaskótrygging vegna A hafi ekki verið í gildi á tjónsdegi. Sé sú afstaða V1 hins vegar réttmæt sé ljóst að V2 sé ábyrgt á grundvelli kaskótryggingar fyrri eiganda enda hafi tjónið orðið innan 14 daga frá eigendaskiptum en fram að því tímamarki sé nýr eigandi meðváttryggður í skilningi laga um váttryggingarsamninga.

V2 rekur þá að það telji að umræddu tjóni hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi Y og að heimilt sé að samsama váttryggðum og meðváttryggðum með þeirri háttsemi. Með því að aka A, þegar hann var með öllu óhæfur til þess vegna áfengisneyslu, hafi Y gerst brotlegur við háttnerisreglur umferðarlaga auk varrúðarreglu í skilmálum váttryggingarinnar. Sé því, á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga og 9. gr. sameiginlegra skilmála V2, sbr. 26. gr. laganna, heimilt að fella bótarétt niður að fullu. Hvað heimild til samsömunar varði telji V2 að leggja verði til grundvallar að umrædd váttrygging tengist atvinnurekstri þar sem fyrri eigandi og váttryggingartaki sé fyrirtæki. Þegar svo hátti

til sé, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga, heimilt, með þeim takmörkunum sem leiði af 1. mgr. 41. gr. laganna, að semja um að váttryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa. Sé það því eðlilegt og til samræmis við skilmálaákvæði váttryggingarinnar að Y sé samsamað með meðváttryggðu M.

Álit.

Í fyrsta lagi kemur til álita fyrir nefndinni hvort möguleg bótaskylda hvíli á V1 eða V2. Í 3. mgr. 13. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að hafi váttryggingartaki sent skriflega beiðni um tiltekna váttryggingu og ljóst er að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina beri það ábyrgð við móttöku hennar. Ljóst er að beiðni um kaskótryggingu A barst V1 6. ágúst 2025. Hins vegar byggir V1 á því að kaskótrygging sé ekki gefin út samkvæmt beiðni heldur aðeins að lokinni skoðun á viðkomandi bifreið. Kemur einnig fram í bréfi V1 til nefndarinnar að til að fá gefna úr kaskótryggingu hefði þurft að greiða upp eldri vanskil váttryggingartaka hjá félaginu. Verður því að telja ósannað að „félagið hefði þegar samþykkt beiðnina“ og af gögnum málsins má ráða að A hafi aldrei verið kaskótryggð hjá V1.

Í 1. mgr. 40. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur m.a. fram að ef samið er um að váttrygging skuli falla brott við eigendaskipti að váttryggðum hlut er félagið samt ábyrgt ef váttryggingaraburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum. Verður samkvæmt því að líta svo á að kaskótrygging sú sem seljandi A hafði í gildi hjá V2 skuli gilda til hagsbóta fyrir M í 14 daga frá eigendaskiptum. Þar sem umrætt tjón varð þegar á kaupdegi A verður því að telja að A hafi þá verið kaskótryggð hjá V2.

Af gögnum málsins verður að telja fullvíst að Y, ökumaður A, hafi verið undir talsverðum áfengisáhrifum við akstur hennar í aðdraganda umrædds áreksturs, en áfengismagn í blóði hans mældist eins og fyrr segir 2,1 prómill í kjölfar atviksins. Kemur þá jafnframt fram í máli vitnis fyrir lögreglu að Y hafi ekið A á miklum hraða og ekki virt forgang annarrar umferðar sem gefinn var til kynna með biðskyldu í aðdraganda árekstursins. Verður að telja skýr orsakatengsl milli þessarar háttsemi og þess tjóns sem varð.

Fyrirgreind háttsemi felur í sér brot gegn 1. mgr, sbr. 3. mgr., 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 enda sýnt að Y var óhæfur til stjórnar ökutækis umrætt sinni, svo og gegn 2. mgr. 26. gr. sömu laga um skyldu til að veita umferð um veg forgang sé það gefið til kynna með biðskyldumerki. Er einnig um að ræða brot gegn varúðarreglu skilmála umræddrar kaskótryggingar þar sem fram kemur að ökumaður skuli ekki vera undir áhrifum við notkun bifreiðarinnar.

Í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggingafélag geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaraburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Í 2. mgr. 27. gr. sömu laga kemur m.a. fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaraburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaraburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Er það mat nefndarinnar af heildstæðri skoðun á framangreindu og eins og gögn þessa máls liggja fyrir að í háttsemi Y umrætt sinn hafi falist stórkostlegt gáleysi, sem í sjálfu sér leiðir til þess að V2 er, að öðrum skilyrðum uppfylltum, heimilt að fella bótarétt úr kaskótryggingu A að fullu niður.

Þrátt fyrir framangreint kemur einnig til sjálfstæðrar skoðunar hvort M, sem eiganda bifreiðarinnar verði samsamað með fyrirgreindri háttsemi Y á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga en hún er svohljóðandi: „Í váttryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi má, með þeim takmörkunum sem leiðir af 1. mgr. 41. gr., semja um að váttryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa.“ Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga segir nánar um þessa heimild: „Í 3. mgr. er regla sem tekur til heimilda félagsins til þess að semja um samsömun í váttryggingum tengdum atvinnurekstri. Meginreglan í þeim váttryggingum er sú að ekki skuli vera um samsömun að ræða nema um það sé sérstaklega samið í váttryggingarsamningi. Heimildum félagsins til slíkra samninga eru ekki sett önnur takmörk en þau sem leiða af kröfum um sanngirni. Það verður því að ætla að sá sem samsamaður er váttryggðum hafi þá stöðu í atvinnurekstrinum að sanngjarn sé að beita samsömun. Við sanngirnismatið yrði m.a. að líta til umfangs atvinnustarfseminnar og sérstakrar þarfar félagsins fyrir að takmarka ábyrgð sína.“ Virðist framangreint ákvæði því byggt á sambærilegum grunni og regla skaðabótaréttar um svokallaða húsbónda- eða vinnuveitandaábyrgð. Í skilmálum V vegna

kaskótryggingar A er sérstaklega samið um það í gr. 9.2 að „Í atvinnurekstri geti V borið fyrir sig háttsemi stjórnenda hins tryggða og stjórnanda hins tryggða ökutækis.“

Verður að skoða framangreint skilmálaákvæði með hliðsjón af þeim skorðum sem heimild til samsömunar er sett í framangreindu lagaákvæði og lögskýringargögnum þess, þ.e. ekki er tækt að líta svo á að eigandi ökutækis verði samsamaður stjórnanda þess, óháð því hver staða þess síðarnefnda er og því hvernig það atvikaðist að hann fékk stjórn umrædds ökutækis.

Í áðurnefndum kaupsamningi um bifreiðina A kemur fram að umráð hennar séu í höndum nafngreinds einkahlutafélags, X, hvers M er forráðamaður en X hefur með höndum farþegaflutninga. Er þar um að ræða sambærilegan rekstur og seljandi A hafði einnig með höndum. Má gera ráð fyrir að ætlunin hafi verið að nýta A áfram í slíkum rekstri og hefur öðru ekki verið haldið fram af hálfu M. Af framangreindu er það mat nefndarinnar að umrædd vátrygging tengist atvinnustarfsemi þrátt fyrir að M og meðeigandi hennar að A séu einstaklingar.

Kemur þá til skoðunar hvort staða Y við rekstur þeirrar starfsemi sé slík að M verði samsamað með háttsemi hans. Af gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að Y komi að rekstri X og gögn frá V1 benda til þess að samband hafi verið haft við hann þegar samskipti um fyrirhuguð kaup á kaskótryggingu áttu sér stað. Verður því að telja að staða Y í atvinnurekstrinum hafi verið slík að sanngjarnt sé að beita samsömun. Hefur öðru þá ekki verið haldið fram af hálfu M.

Samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er V2 því heimilt að skerða bótarétt úr kaskótryggingu A að fullu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 3. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir